

Alþingi  
Erindi nr. P 126/2185  
komudagur 2.5.2001

Menntamálanefnd.

Fyrir hönd nemenda í Rekstrardeild skólans þá viljum við gera athugasemd vegna eftirfarandi atriða.

"Aðrir háskólar sem bjóða upp á sambærilegt nám í viðskiptafræðum og Háskóli Íslands eru Viðskiptaháskólinn á Bifröst, Háskólinn í Reykjavík og Háskólinn á Akureyri. Nemendur úr þessum skólum njóta ekki sama réttar og nemendur úr Háskóla Íslands til að kalla sig viðskiptafræðinga."

"Út frá jafnræðissjónarmiði er eðlilegt að allir nemendur sem ljúka sambærilegu námi njóti sömu réttinda að námi loknu."

Við viljum benda á að Rekstradeild Tækniskóla Íslands býður upp á sambærilegt nám í viðskiptafræðum og þeir skólar sem taldir eru upp hér að ofan. Því teljum við út frá jafnræðissjónarmiði að nemendur sem útskrifast með BS gráðu frá Rekstradeild Tækniskóla Íslands beri að njóta sama réttar og nemendur ofangreindra skóla.

Fyrir hönd Nemendafélags Tækniskóla Íslands.

Guðmundur Örn Árnason,  
Ninja Ómarsdóttir,  
Brynjólfur Þór Gylfason,  
Sævar Þór Ólafsson.